

Bréf landshöfðingjans (til stiptsyfirvaldanna).

Með þessu bréfi er eptir beiðni forstöðumanns forngripasafnsins, inspektors Jóns Árnasonar, og samkvæmt meðmælum stiptsyfirvaldanna veittir þéðu safni 100 rd. styrkr úr landskjóði, affè því, sem veitt er til ýmislegra óvissra útgjalda á þessu reikningsári¹.

46
5ta
desbr.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrundæminu).

Með bréfi herra amtmannsins frá 24. f. m. meðtók eg tvírtaðan reikning sýslumannsins í Árnessýslu yfir kostnaðinn við skoðun og útvisunargjörð til nýbýlis handa landlækni dr. Jóni Hjaltalin í Sleggjubeinsdal á síðastliðnu sumri, og er kostnaður þessi talinn 15 rd. Þér skýrið í bréfinu frá, að þér hafið áðr, en þessi reikningr var sendr yðr, svarað sýslumanninum, þá er hann spurði yðr um það, eptir hverjum reglum hinn umræddi kostnaður ætti að greiðast, á þá leið, að sýslumaðrinn hefði rétt til að reikna sér borgun eptir 15. grein aukatekjureglugjörðarinnar, en að þar á móti ætti að ákveða laun skoðunarmannanna eptir 8. grein í tilsk. 15. apríl 1776, en síðan hafið þér við nýja og ýtarlegri íhugun komist að raun um, að það sè vafasamt, hvort sýslumaðrinn geti reiknað sér dagpeninga og ferðakostnað eptir aukatekjureglugjörðinni, því þó orðin í hinn nefndu grein hennar «þetta gildir . . . eðr önnur gjörð, í hverri einskis dóms er óskað» náí einnig til útvisunargjörða til nýbýla, muni þó réttara að álíta, að hinar sérstaklegu ákvarðanir tilskipunarinnar frá 1776 sèu eigi numdar úr gildi með aukatekjureglugjörðinni. Loksins hafið þér tekið fram, að það virðist að minsta kosti auðsætt, að sýslumaðrinn geti ekki, eins og gjört hefir verið í upphaflega nefndum reikningi, talið sér borgun að nokkru leyti eptir tilskipun 1776 og að nokkru leyti eptir aukatekjureglugjörðinni, enda hafi kansallibréf frá 5. októbr. 1839 og rentukammerbréf frá 25. janúar 1840 gjört ráð fyrir, að sýslumönnum beri einungis borgun fyrir gjörðir þær, sem sè um að ræða, eptir tilskipun 1776.

47
5ta
desbr.

Af þessu tilefni skal yðr tjáð, að landshöfðinginn er yðr samdóma í því, að ákvörðunum þeim, sem 8. grein tilskipunar 15. apríl 1776 hefir inni að halda um borgun af konungssjóði fyrir útvisunargjörðir, er sýslumaðrinn fremr eptir fyrirmælum amtmanns, hafi eigi í neinu tilliti verið raskað með aukatekjureglugjörðinni 10. septbr. 1830, enda hefði, ef svo væri, átt að fara með þetta mál eptir 13. gr. reglugjörðarinnar um kostnað í opinberum málum, og eigi eptir 15. gr. hennar.

Samkvæmt tilskipun frá 1776 verður kostnaðrinn við nýbýlis útvisun þá, sem hér er um að ræða, því 5 rd. til sýslumanns og 3 rd. 32 sk. til áreiðar- og skoðunarmanna, og fylgir þessu bréfi til þóknanlegrar ráðstafanar herra amtmannsins jarðabókarsjóðsávisun með 2 fylgiskjöllum á þessar upphæðir, samanlagðar 8 rd. 32.

Bréf landshöfðingjans (til póstmeistarans).

Með þessu bréfi var meðal annars tilkynt póstmeistarannum, að burðargjald það, sem greiða skal sérstaklega hinn dónsku póststjórn fyrir böggla- og peningasendingar til Nor-egs og Svíþjóðar, verði frá 1. janúar 1875 þetta:

48
8da
desbr.

1. Undir peningabréf og póströfuskýrteini:
a, gjald eptir vikt: 16 aurar fyrir bréfið.

¹ Forngripasafninu var fyrst með bréfi 5. marz 1870 veittir 500 rd. styrkr, og síðan samkvæmt bønarskrá alþingis 1871 með 7. grein fjárhagsáætlunarinnar fyrir tímabilið frá 1. apríl til 31. desbr. 1873, 200 rd.

Hinn 31. desember 1874.